

Hannes Hólmsteinn Gissurarson

Minningabrot um Milton Friedman

Þegar frjálsslyndir menntamenn hittust á ráðstefnu hins alþjóðlega málfundafélags síns, Mont Pèlerin-samtakanna, í Stanford í Kaliforníu haustið 1980, voru þeir bjartsýnir um, að tíðarandinn væri að snúast á sveif með þeim. Tveir helstu hugsuðirnir úr röðum þeirra, Friedrich A. von Hayek og Milton Friedman, höfðu hlotið Nóbelsverðlaun í hagfræði, Margrét Thatcher hafði nýlega myndað ríkisstjórn í Bretlandi, og Ronald Reagan var í kjöri til forseta Bandaríkjanna seinna um haustið og þótti sigurstranglegur. Reagan sendi einmitt samkomunni kveðju, sem flutt var í upphafshófinu. Þetta var fyrsta ráðstefna samtakanna, sem ég sótti, en Hayek hafði í ferð til Íslands þá um vorið boðið mér þangað og Pálmi Jónsson í Hagkaup lagt til farareyri. Pálmi veitti okkur frjálshyggjumönnum dyggan stuðning í baráttunni fyrir auknu



atvinnufrelsi. Í Stanford sá ég Friedman fyrst. Hann hélt erindi um peningamál og stjórnskipun á einum fundinum og andmælti harðlega þeim, sem vildu tryggja festu í peningamálum með svonefndum gullfæti, en í honum fólst, að seðlabanki leysti jafnan inn fyrir menn í gulli þá upphæð, sem peningaseðill hljóðaði upp á. „Hvers vegna í ósköpunum á að grafa upp gull í Suður-Afríku í því skyni einu að grafa það síðan niður í kjallara bandaríska seðlabankans? Hvað er svona merkilegt við gull?“ spurði Friedman. Hann vildi, að verð peninga væri frjálst, en það merkti, að gengi ætti að fljóta, en ekki vera fest við gull. Þetta var raunar gamalt ágreiningsefni frjálshyggjumanna. Á einni fyrstu ráðstefnu samtakanna, sem stofnuð voru vorið 1947, var austurríska hagfræðingnum Ludwig von Mises svo misboðið á einum fundinum, þegar mælt var gegn gullfæti, að hann gekk á dyr,

skellti hurðum og sagði: „Þið eruð ekkert annað en ein stór sósíalístaklíka.“ Friedman rifjaði þetta atvik stundum upp og hló þá hjartanlega. Hann átti því ekki að venjast að vera kallaður sósíalisti.

Ég rakst á Friedman og konu hans, Rose, í lokahófi ráðstefnunnar, þar sem þau gengu um og heilsuðu gömlum vinum. Þau voru bæði mjög lágvaxin, allt að því dvergvasin. Friedman leit út eins og dæmigerður menntamaður, sköllóttur og með gleraugu, alúðlegur. Rose var með gráyrjótt hár, skarpleit, en brosmild, fagureyg og þó hvasseyg. Ég herti upp hugann og gaf mig á tal við þau, og tóku þau mér hið besta. Ég sagði Friedman sem satt var, að íslenskir sósíalistar hefðu deilt harkalega á hann, en ég varið hann eftir megni. „Þú átt ekki að verja mig, heldur hugmyndir okkar beggja,“ sagði Friedman brosandí. Hann sagðist vera á leið til Kínaveidis, þar sem sér hefði verið boðið að halda fyrirlestra. Ég nefndi við hann, að hann væri svo sannarlega velkominn líka til Íslands. Friedman svaraði, að sjálfur væri hann orðinn tregur til ferðalaga, en sonur sinn, David, væri áhugamaður um Ísland, hefði lesið margt í íslenskum fornbókmenntum og skrifað ritgerð um réttarvörslu einstaklinga á þjóðveldisöld. Fylgja verður sögunni, að Kínaför Friedmans þá um haustið markaði tímamót. Valdhafar þar eystra hlustuðu vandlega á hann og fylgdu ýmsum ráðum hans. Friedman benti síðar ósjaldan á tvískinnunginn í umræðum um kommúnisma. Hann hafði farið til Chile 1975 og haldið fyrirlestra um það, að auka þyrfti atvinnufrelsi og tryggja festu í peningamálum og ríkisfjármálum. Tóku yfirvöld þar mörgum ráðum hans og þó ekki öllum. En Chileför hans leiddi til þráláttra ádeilna á Friedman, meðal annars þegar hann tók við Nóbelsverðlauninum í Stokkhólmi

1976. En ekki var æmt né skræmt, eftir að hann fór til Kína 1980 og hélt fyrirlestra þar sama efnis. Var þó Kínaveidi einræðisríki eins og Chile og stjórnarfar raunar miklu verra. *Morgunblaðið* birti grein eftir Friedman um þetta 14. janúar 1981 og tók síðan undir með honum í forystugrein 16. janúar. Hneykslaðið blaðið á þögninni um harðstjórn kommúnista, en kvað hana vart tilviljun. Fyrir brýningu frjálshyggjumanna tók Sjónvarpið síðan vorið 1981 til flutnings fimm af tíu heimildapáttum, sem Milton og Rose Friedman höfðu gert undir heitinu „Frelsi til að velja“ (Free to Choose). Vöktu þeir óskipta athygli. Áður hafði Sjónvarpið sýnt alla þrettán þætti sósíalístans Johns Kenneths Galbraiths um efnahagsmál.

Næst hitti ég Milton og Rose Friedman á ráðstefnu Mont Pèlerin-samtakanna í Vestur-Berlín haustið 1982. Þar afhenti ég Milton fyrsta eintakið af bókinni *Frelsi og framtak* (Capitalism and Freedom) eftir hann, sem ég hafði snarað á íslensku. Í því riti voru margar frumlegar hugmyndir reifaðar, til dæmis um ávísanakerfi í skólumálum og neikvæðan tekjuskatt. Höfundurinn fletti bókinni brosandí og lofaði að heimsækja Ísland, þegar hann gæti. Á ráðstefnunni vék Friedman að Evrópusambandinu. Hann sagði, að engin furða væri, að sumir frjálshyggjumenn hefðu verið andvígir stofnun þess. Það hefði í upphafi verið tollabandalag, en slík bandalög væru í eðli sínu ónauðsynleg, því að tollar bitnuðu aðallega á þeim, sem settu þá á. Ríki ættu þess vegna sjálfra sín vegna að fella niður tolla, en ekki vegna samninga við önnur ríki eða alþjóðlegra skuldbindinga. Evrópusambandið væri nú orðið að bákni, sem gætti frekar hagsmuna stjórnmalamanna og atvinnurekenda en neytenda. „Í Brüssel heyrst rödd neytandans eins og hvísl, en rödd framleiðandans eins



Milton Friedman flytur fyrirlestur sinn í boði Háskóla Íslands laugardaginn 1. september 1984 í Súlnasal Hótel Sögu. Fyrirlesturinn nefndist „Í sjálfheldu sérhagsmunanna“ (*The Tyranny of the Status Quo*).

og öskur,“ sagði Friedman. En einkennileg atvik urðu til þess, að leiðir okkar Friedmans lágu saman í ársbyrjun 1984. Við Össur Skarphéðinsson stunduðum þá báðir nám í Bretlandi. *Þjóðviljinn* birti grein, sem Össur skrifaði þaðan um það, að David Hendry, tölfræðiprófessor í Oxford, hefði sýnt fram á, að Friedman væri ómerkilegur svikahrappur. Hann hefði hagrætt tölum í ritum þeirra Önnu J. Schwartz um peningamál. Hafði Össur Lundúnablaðið *Guardian* fyrir þessum afhjúpunum. Ólafur Ragnar Grímsson, sem þá var ritstjóri *Þjóðviljans*, skrifaði tvær forystugreinar um þetta stórkostlega hneyksli og kvað þögn mína um málið ærandi. Ég skrifaði þá Hendry og spurði, hvort rétt væri eftir

honum haft. Ég fékk bréf frá honum, þar sem sagði: „Mér þykir mjög miður, ef því er haldið fram, að þau hafi ekki verið fullkomlega heiðarleg og hreinskilin í meðferð og rannsókn hinna tölulegu gagna.“ Hendry bætti við, að ágreiningur sinn við þau væri aðeins fræðilegs eðlis. Ég birti bréf Hendrys í svari mínu við skrifum þeirra Ólafs Ragnars og Össurar og sendi Friedman einnig afrit af bréfinu. Friedman þótti vænt um, að ég skyldi hafa haft fyrir því að leiðrétta missagnir um rannsóknir hans. Hann hafði samband við mig og kvaðst reiðubúinn til að koma til Íslands haustið 1984 og halda fyrirlestur. Við frjálshyggjumenn tókum þessu boði með þökkum, og samdist svo um, að hann héldi

fyrirlestur sinn á vegum Viðskiptadeildar Háskóla Íslands.

Heimsókn Friedmans varð söguleg. Þau Rose komu til landsins að morgni fimmtudagsins 30. ágúst 1984. Þau skruppu til Þingvalla í hádeginu og skoðuðu líka Sogsvirkjun. Síðdegis hélt Friedman blaðamannafund í samkomusalnum á efstu hæð í Húsi verslunarinnar. Spurningum rigndi yfir hann. Bogi Ágústsson, þá fréttamaður Sjónvarpsins, spurði til dæmis, hvort kenningar hans ættu við í litlu hagkerfi eins og hinu íslenska. Friedman sagði, að kenningar sínar væru ekki frambærilegar, ef þær ættu ekki eins við í litlu hagkerfi og stóru. Góð hagfræði ætti alls staðar við. „Þér hafið ekkert lausnarorð á reiðum höndum?“ spurði Bogi. Friedman svaraði: „Jú, ég hef lausnarorðið fyrir ykkur Íslendinga.“ Bogi gerðist forvitinn og spurði: „Megum við fá að heyra það?“ Friedman svaraði: „Þetta orð er frelsi!“ Friedman kvaðst vilja nefna dæmi. Ísland væri að sönnu lítið hagkerfi, en unnt hlyti að vera að reka fleiri útvarpsstöðvar en þær tvær, sem væru í eigu ríkisins. Þá hafði sem kunnugt er ríkið einkarétt á því að reka útvarp, en því má skjóta inn í, að þessi einkaréttur var afnuminn með lögum vorði eftir, 1985. Guðmundur Magnússon, þá blaðamaður á *Morgunblaðinu*, spurði Friedman, hvað hann segði um þá ásökun, að hann gengi með kenningum sínum erinda efnamanna. Friedman svaraði, að markaðskerfið væri mikilvirkasta tækið, sem fundist hefði til að koma fátæku fólki í bjargálnir. Mörg fleiri dæmi mætti nefna um skjót og snjöll tilsvör Friedmans, en þau getur að líta í bókinni *Lausnarorðið er frelsi*, sem kom út 1994. Seinna um daginn skruppu Friedman-hjónin til Bessastaða og heilsuðu upp á Vigdísí Finnbogadóttur forseta, sem skálaði við þau í kampavíni. Um kvöldið sátu þau kvöldverð á heimili

Ingimundar Sigfússonar forstjóra, síðar sendiherra, en hann er gamall aðdáandi Friedmans. Daginn eftir, föstudaginn 31. ágúst, sýndi ég Friedman-hjónunum Reykjavík. Rose spurði mig, hvers vegna við Íslendingar töluðum eigin tungu. „Borgar sig ekki fyrir ykkur að taka upp ensku?“ Milton greip þá fram í: „Nei, Rose, Íslendingar vilja auðvitað tala sína eigin tungu. Það er ósköp eðlilegt.“ Þau skiptust á skoðunum um þetta smástund. Við Milton spjölluum margt um peningamál. Ég var þá þeirrar skoðunar sökum lakrar frammistöðu íslenskra peningayfirvalda næstu áratugi á undan, að við ættum að kasta krónunni og taka upp Bandaríkjadal. Friedman tók því ekki fjarri. Í hádeginu bauð Matthías Á. Mathiesen viðskiptaráðherra Friedman-hjónunum í hádegisverð í Ráðherrabústaðnum. Þar kynnti ég Friedman fyrir Davíð Ólafssyni seðlabankastjóra svofelldum orðum: „Prófessor Friedman! Hér er maður, sem yrði atvinnulaus, yrðu kenningar yðar framkvæmdar á Íslandi, því að hann er seðlabankastjóri.“ Friedman kímdi og laumaði þessu út úr sér: „Nei, nei, hann yrði ekki atvinnulaus, hann yrði aðeins að færa sig í arðbærara starf.“

Síðdegis var tekinn upp í sjónvarpssal Sumræðuþáttur með Friedman, sem sýndur var um kvöldið. Þar gengu á hólm við hann þrír kunnir sósíalistar, þeir Birgir Björn Sigurjónsson, Ólafur Ragnar Grímsson og Stefán Ólafsson. Birgir Björn sagði fátt, en þeir Ólafur Ragnar og Stefán því fleira, eins og gert var gys að í áramótaskaupi næsta gamlárskvöld. Rætt var um heima og geima. Þeir Ólafur Ragnar reyndu að klekkja á Friedman með því að rifja upp, að hann væri hlynntur lögleiðingu fíkniefna. Friedman lét sér hvergi bregða: „Ef afleiðingarnar af því að banna fíkniefni eru verri en af því að leyfa

þau, þá finnst mér rétt að leyfa þau.“ Meira var ekki sagt um það mál. Í lok þáttarins sagði Stefán ísmeygilega, að umræðurnar hefðu vissulega verið fróðlegar. Sá hængur væri á, að ekki gætu allir áhugamenn hlýtt á fyrirlestur Friedmans á Hótel Sögu daginn eftir, því að áheyrendur væru krafðir um aðgangseyri. Þetta hefði ekki tíðkast um fyrirlestra á vegum Háskóla Íslands. Þeir hefðu ætíð verið ókeypis. Friedman var fljótur til svars. Hann kvaðst vilja mótmæla þessari notkun orðsins „ókeypis“. Auðvitað hefðu fyrirlestrar annarra ekki verið ókeypis. Greiða hefði þurft fargjald þeirra, jafnvel einhverja þóknun, leigja fundarsal, auglýsa fyrirlesturinn. Spurningin væri sú, hverjir ættu að greiða fyrir þetta, áheyrendur sjálfir eða hinir, sem ekki sæktu fyrirlesturinn. Sjálfur væri hann þeirrar skoðunar, að þeir ættu að greiða, sem nytu. Þetta er gamalkunnugt stef í fræðum Friedmans: Ókeypis fyrirlestur er ekki til frekar en ókeypis hádegisverður. Spurningin er aðeins, hver á að greiða reikninginn. Friedman hafði raunar stundum á orði, að einn helsti gallinn á sósíalístum væri, hversu góðir þeir vildu ætíð vera fyrir annarra manna fé. Ellefta boðorðið ætti að vera: „Þú skalt ekki gera góðverk þín á kostnað annarra.“

Eftir upptöku sjónvarpsþáttarins sat Friedman síðdegishóf á heimili Péturs Björnssonar forstjóra með nokkrum íslenskum hagfræðingum, þar á meðal þeim dr. Sigurði B. Stefánssyni og dr. Þráni Eggertssyni prófessor. Pétur var einn dyggasti stuðningsmaður okkar frjálshyggjumanna á þeirri tíð. Friedman lék á als oddi, og hvíslaði Þráinn að mér: „Þessi maður geislar beinlínis af gáfum.“ Þá um kvöldið sátu Friedman-hjónin kvöldverð Verslunarráðs Íslands í Þingholti Hótel Holts. Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra var einn gesta. Hann sat beint á móti Friedman og

spurði: „Prófessor Friedman! Það getur vel verið, að kenningar yðar eigi við í stóru hagkerfi eins og hinu bandaríska. Það gilda bara önnur lögmál um Ísland. Væri til dæmis hægt að fylgja hér byggðastefnu, ef kenningar yðar væru framkvæmdar?“ Friedman svaraði tafarlaust: „Nei, það væri ekki hægt, og það ætti ekki heldur að vera hægt.“ Einn forystumaður atvinnurekenda spurði Friedman, hvaða hætta stæðjaði helst að kapítalísmannum. Ekki stóð á svarinu: „Það eru kapítalístarnir. Ef þið viljið sjá óvini kapítalísmans, þá skuluð þið líta í spegil. Adam Smith hafði rétt fyrir sér um það, að kapítalístarnir reyna alltaf að skapa sér einokunaraðstöðu. Það er vegna þess, að samkeppnin er neytendum í hag, þótt hún sé auðvitað líka kapítalístum í hag, þegar til langs tíma er litið.“ Friedman var kurteis, en beinskeyttur. Óspart var skálað yfir borðum. Ég kvaddi mér hljóðs og sagði, að erfitt væri að vera betri helmingur Miltons Friedmans. Einum manni hefði þó tekist það, konu hans, Rose Director. Bað ég fólk um að skála fyrir henni. Friedman spratt upp úr sæti sínu og sagðist vilja verða fyrstur til þess að lyfta glasi fyrir konu sinni. Hún sat brosandí og horfði blíðlega á mann sinn. Þau virtust enn vera ung og ástfangin.

Húsfyllir var og rúmlega það á fyrirlestri Friedmans á Hótel Sögu í hádeginu laugardaginn 1. september 1984. Hann nefndist „Í sjálfheldu sérhagsmunanna“ (The Tyranny of the Status Quo). Þar greindi Friedman þá erfiðleika, sem væru á umbótum í átt til atvinnufrelsis, vegna þess að gróðinn af ríkisafskiptum dreifðist á fáa, en tapið á marga. Ef tíu milljónir króna eru færðar frá 100 þúsund manns, þá tapar hver þeirra 100 krónum og verður þess lítt var. En ef sömu tíu milljónir króna eru færðar til 100 manna, þá græðir hver þeirra 100.000, veit vel af því og mun

berjast fyrir því með oddi og egg. Sama upphæð skiptir ólíka hópa misjöfnu máli. Friedman sagði, að frjáls viðskipti væru öllum í hag, en ríkisafskipti væru til skamms tíma sumum í hag og öðrum í óhag, en til langs tíma öllum í óhag. Eina ráðið væri að takmarka margvíslegt skömmunarvald ríkisins, ekki síst seðlaprentunar- og skattlagningarvald þess. Eftir fyrirlesturinn svaraði Friedman spurningum og sagði þá margt eftirminnilegt. Til dæmis kvað hann ríkisstyrki til vísinda eflaust auka magn vísindarannsóknna, en ekki nauðsynlega gæði þeirra. Hann var spurður, hvað ætti að gera í litlu sjávarþorpi, ef eina útgerðarfyrirtækið þar yrði gjaldþrota, svo að skuttogari staðarins færi annað. Friedman svaraði, að skuttogarinn gufaði ekki upp. Væru skilyrði til útgerðar á staðnum, þá hlutu aðrir þar að geta útvegað sér fé, stofnað fyrirtæki og tekið við skuttogaranum. Á frjálsum markaði yrði að leiðrétta mistök í stað þess að fleygja í þau opinberu fé. Að fyrirlestrinum loknum hélt ég með þeim Milton og Rose rակleidis út á flugvöll, en förinni var heitið til Cambridge, þar sem haldin var ráðstefna Mont Pelerin-samtakanna. Þegar hlé var á dagskránni þar eitt kvöldið, var Milton svo elskulegur að bjóða mér í mat á ítölskum veitingastað. Auk Friedman-hjónanna og mín sátu þennan kvöldverð japanskur hagfræðiprófessor, Chiaki Nishiyama, og kona hans, enski hagfræðingurinn John Greenwood og kona hans og Peter Bauer lávarður. Var margt skrafað. Nishiyama var lærisveinn Friedmans frá Chicago og hafði kynnt kenningar hans af miklum dugnaði í Japan. Greenwood hafði lagt á ráðin um peningaskipulag Hong Kong, en það fólst í eins konar myntslátturáði: Hong Kong dalur var festur við Bandaríkjadal í ákveðnu hlutfalli, en tveir einkabankar sáu um útgáfu peningaseðla. Bauer lávarður var kunnur fyrir gagnrýni sína

á svokallaða þróunaraðstoð, en það nafn er auðvitað herfilegt öfugmæli, þar sem valið stendur um þróun án aðstoðar (eins og í Hong Kong) eða aðstoð án þróunar (eins og á Grænhöfðaeypjum). Bauer hafði verið lærisveinn hins kunna hagfræðings A. C. Pigous í Cambridge árin fyrir seinni heimsstyrjöld, og sögðu þeir Friedman af honum ýmsar sögur.

Ég hafði frá 1983 verið gistifræðimaður (visiting scholar) í Hoover-stofnuninni í Stanford-háskóla í Kaliforníu, þegar ég kom því við, en hvergi í Bandaríkjunum er líklega þægilegra að búa. Þá hitti ég jafnan Friedman-hjónin, en Milton gerðist þar félagi 1977, eftir að hann lét af prófessorsstarfi í Chicago. Við snæddum oft saman hádegisverð í félagsheimili háskólakennaranna í Stanford (Faculty Club), og slóst þá mágur Friedmans, Aaron Director, iðulega með í för. Hann var bróðir Rose, lengi prófessor í Chicago eins og Friedman og frumkvöðull að hagfræðilegri greiningu laga. Hann var lágvaxinn og grannur, lotinn af elli, en skarpskyggn maður og gagnrýninn. Þau Milton og Rose buðu mér líka stundum heim til sín í San Francisco, en þar bjuggu þau í glæsilegri og rúmgóðri íbúð á 19. hæð í háhýsi við 1750 Taylor Street. Var þá sent eftir ítalskri böku (pizzu) og spjallað um allt milli himins og jarðar. Úr íbúðinni sást vítt yfir borgina og næsta nágrenni. Eitt sinn gekk Friedman að glugga, benti út og sagði: „Sérðu, hvað þetta er stórkostlegt! Hugsaðu þér tækifærin, sem menn fá hér í Ameríku.“ Síðan rifjaði hann upp nokkur atriði úr ævi sinni. Hann fæddist í New York 31. júlí 1912, sonur fátækra innflytjenda frá Rúteníu, sem var þá hérað í Slóvakíu í austurrísk-ungverska keisaradæmisins, en varð seinna hérað í Úkraínu. Hann var af Gyðingaættum, svo að sennilega hefði allri fjölskyldu hans verið

Milton og Rose Friedman
ásamt Hannesi H. Gissurarsyni
á þingi Mont Pèlerin-samtakanna
í Tokyo haustið 1988.

Hannes var þá nýskipaður
lektor í stjórnmálafræði í félags-
vísindadeild Háskóla Íslands.



útrýmt, hefði hún ekki flust úr áttögum sínum og vestur um haf. Afburðagáfur Friedmans komu snemma í ljós, svo að hann fékk styrk til að stunda nám. Friedman-hjónin voru um þær mundir að semja sjálfsævisögu sína, sem kom út 1998 undir nafninu *Tveir gæfumenn* (Two Lucky People). Þau sögðu mér, að fyrir þeim vefðist að skrifa um Arthur Burns, sem kenndi Milton í Rutgers-háskóla og varð síðar aðalseðlabankastjóri Bandaríkjanna. Hann hafði gegn betri vitund stutt verðlagshöft, sem Nixon forseti hafði sett á. Sjálfur hefði Friedman aldrei gert neitt slíkt. Hann var góður ráðgjafi valdhafa, en aldrei þægur þjónn þeirra. Friedman hafði miklar mætur á Reagan forseta, en honum fannst minna til um eftirmann hans, George Bush eldri: „Hann var skoðanalaus yfirstéttarmaður. Hann sagði aldrei orð, þegar ég var á

fundum með Reagan.“ (Orðið, sem Friedman notaði, var „Country Club Republican“.) Eitt sinn kvartaði ég undan John Kenneth Galbraith við Friedman. Ég hafði setið kvöldverð með Galbraith í Oxford, og hafði hann farið hraklegum orðum um lærimeistara minn, Hayek. „Ég hef ekki sömu reynslu af Galbraith,“ sagði Friedman. „Hann hefur alltaf komið fram við mig eins og heiðursmaður, þótt við höfum verið ósammála. Þegar ég var til dæmis gagnrýndur fyrir Chileför mína, kom Galbraith mér til varnar opinberlega. Hann sagði, að enginn þyrfti að efast um stuðning minn við lýðræði.“

Ég trúði Friedman eitt sinn fyrir því, að ég hefði sennilega átt að ljúka prófi í hagfræði. Það hefði auðveldað mér þátttöku í umræðum um efnahagsmál

uppi á Íslandi. „Nei, blessaður vertu: Ef þú hefur lært hagfræði, þá hefur þú aðeins lært vonda hagfræði, eins og var kennd í nær öllum vestrænum háskólum á sínum tíma.“ Friedman var þó sjálfur einhver áhrifamesti hagfræðingur tuttugustu aldar. Margt af því, sem hann hélt fram, er orðið að viðteknum sannindum, til dæmis að verðbólga sé alls staðar og alltaf peningalegt fyrirbæri: Um peninga gildi eins og aðra vöru, að verðið lækki, ef framboðið eykst að óbreyttri eftirspurn. Verðbólga eða þrálát verðlækkun peninga sé með öðrum orðum undantekningarlaust fólgin í offramboði peninganna. Friedman sagði: „Þetta kemur í þremur áföngum. Fyrst er látið eins og maður sé ekki til. Síðan er reynt að gera gys að manni. Loks er sagt, að auðvitað skipti peningamagnið máli, en það hafi allir vitað hvort sem var, og Friedman gangi vitanlega of langt.“ Einu sinni sem oftast bar Keynes á góma í samtölum okkar. Friedman sagði: „Það var ekki að furða, að hagfræðingar tækju kenningum hans fegins hendi. Hún gerði lífið svo auðvelt. Í kreppu átti maður bara að ýta á hnapp, og þá jókst framleiðslan. Ef þenslan varð of mikil, þá átti maður bara að ýta á annan hnapp, og þá minnkaði hún aftur.“ Friedman hélt því sjálfur fram, að ríkið ætti í hagstjórn sinni að fara eftir almennum, föstum og fyrirsjáanlegum reglum og nýta eins og auðið væri sjálfstýringarmátt hins frjálsa hagkerfis. Tilraunir ríkisins til að jafna hagsveiflur gerðu oftast illt verra. Hann orðaði þetta eftirminnilega: „Ríkisafskiptin eru ekki lækningin, heldur meinsemdin.“ Friedman minntist á það við mig, að hann hefði verið gistiprófessor í Columbia-háskóla í New York og Cambridge-háskóla á Englandi. Á báðum þessum stöðum hefði verið miklu meiri einsleitni í skoðunum en í Chicago. „Það var allir með sömu skoðanir. Í Chicago reyndum við hins vegar að

rökræða. Þar voru sósíalistar, miðjumenn, frjálshyggjumenn. Þar voru keynesverjar og fylgismenn peningamagnskennningarinnar. Ég hef hvergi rekist á eins mikla einsleitni í skoðunum og í háskólum.“

Sumarið 1986 sýslaði ég sem oftast við Svarnsóknir í Hoover-stofnuninni í Stanford. Þá buðu Friedman-hjónin mér að heimsækja sig og gista eina helgi í sumarhúsi þeirra í sjávarþorpinu Sea Ranch, um tveggja klukkustunda akstur norður af San Francisco. Ég gerði það og átti með þeim tvo góða daga. Friedman hafði nýlengi við að lesa bók um skáldkonuna Ayn Rand eftir Barböru Branden. Í skáldsögum sínum boðaði Rand stæka einstaklingshyggju, dáðist að frumkvöðlum og sköpunarmætti kapítalismans. „Það hefur líklega enginn snúið jafnmörgum Bandaríkjamönnum til frjálshyggju og Ayn Rand,“ sagði Friedman. „En hún var sjálf óskaplega óumburðarlynd. Aðdáendur hennar minntu á trúarsöfnuð.“ Ég tók bókina um Rand með mér í rúmið, og það blasti við af henni, að Friedman hefði rétt fyrir sér. Hann nefndi einnig von Mises. „Hann var mjög óumburðarlyndur. Hann þoldi fólki ekki að hafa aðrar skoðanir en hann sjálfur. Ég er alveg ósammála honum um eðli og aðferðir hagfræðinnar. En það var ekki hægt annað en bera virðingu fyrir honum vegna hugrekkis hans og þolgæðis. Annars var hann miklu betri en lærisveinar hans.“ Ég minntist á heimspekinginn Karl Popper, en ég hafði sumarið 1985 átt þess kost að hitta Popper á heimili hans og tala lengi við hann. „Ég kynntist Popper í Mont Pèlerin-samtökunum og hef alltaf talið mig lærisvein hans um vísindalegar aðferðir,“ sagði Friedman. „Ritgerð mín um aðferðir staðreyndahagfræðinnar var tilraun til að beita kenningum Poppers á hagfræðina.“ Sumarhús Friedman-hjón-

anna var úr timbri og smíðað til að falla inn í umhverfið, skóg og strönd. Hátt var til lofts í stofunni, gluggar stórir og sást út á Kyrrahaf. Þar loguðu skipsljós dauflega í fjarska. Við sátum að loknum kvöldverði við arininn, þar sem eldur logaði glatt, og gæddum okkur á hvítvíni. Ég sagði Friedman, að ég ætti að halda smátölu um heimspeki frelsisins á ráðstefnu Mont Pèlerin-samtakanna í St. Vincent á Ítalíu þá um haustið. Hver væri sú heimspeki? Hann var ekki lengi að hugsa sig um. „Hún felst umfram allt í umburðarlyndi. Þótt einkennilega megji virðast, er það Oliver Cromwell, sem hefur ef til vill sett hana skýrast fram, þegar hann sagði við breska þingið: Íhugið þið, veltið þið fyrir ykkur í alvöru, hvort þið hafið ekki á röngu að standa. Þetta ætti að vera boðorð okkar frjálshyggjumanna.“ Friedman lagði áherslu á orð sín með því að beina að mér vísifingri. Það var augljóst, að hann hafði verið kennari.

Heimurinn breyttist stórkostlega, þegar Berlínarmúrinn féll 9. nóvember 1989. Sósíalisminn hrundi undan eigin fargi, og kalda stríðinu lauk. Tíðarandinn breyttist. Á tíunda áratug tóku heimsóknir mínar til Kaliforníu að strjálást, svo að ég hitti Friedman sjaldnar. Hann var þá nánast hættur að ferðast. Ég tók eftir því, að hann var orðinn miklu hægari í hreyfingum, þótt hugurinn væri óbilaður. Ég hitti hann síðast á afmæli Cato-stofnunarinnar í Washington-borg vorið 2002. Hann var aðalræðumaðurinn í hátíðarkvöldverði stofnunarinnar á Hilton-hótelinu fimmtudaginn 9. maí. Fyrr um daginn hafði Friedman heimsótt George Bush yngri í Hvíta húsið og snætt með honum hádegisverð. Hann kunni betur að meta Bush yngri en föður hans. „Sonurinn hefur þó skoðanir. Ég er ekki sammála

honum um allt, en hugur fylgir máli, þegar hann segist vilja lækka skatta og minnka ríkisumsvif,“ sagði hann við mig. Ed Crane, forstöðumaður Cato-stofnunarinnar, bauð mér síðan í grillveislu heim til sín laugardaginn 11. maí, þar sem ég gat sest út í garð með Friedman-hjónunum og spjallað einn við þau um stund. Ég sagði þeim, að síðustu ellefu ár hefði Ísland tekið stakkaskiptum. Atvinnufrelsi hefði stóraukist, verðbólga minnkað niður í hið sama og í grannríkjunum, halli á fjárlögum snúist í tekjuafgang, tiltölulega hagkvæm skipan myndast í fiskveiðum, mörg stór fyrirtæki ríkisins verið seld, þar á meðal bankarnir, og hætt verið sjóðasukki, opinberum stuðningi við illa rekin fyrirtæki. Friedman ljómaði. Ég bætti við, að heimsókn hans til Íslands 1984 hefði skipt verulegu máli. Hann hefði haft áhrif á mikilhæfa stjórnámamenn eins og Davíð Oddsson, Friðrik Sophusson, Þorstein Pálsson, Geir H. Haarde og Björn Bjarnason, sem hefðu beitt sér fyrir þessum umbótum. Friedman var hinn ánægðasti, en sagði: „Við megum ekki vera kokhraustir. Það er enn verk að vinna. Sósíalisminn tapaði, en kapítalisminn sigraði ekki.“ Hann stóð þá á níræðu. Ég hafði gert mér ferð á afmæli Cato-stofnunarinnar í því skyni beinlínis að heilsa upp á Friedman-hjónin, því að ég hafði grun um, að ég ætti ekki eftir að hitta Milton framar. Grunur minn reyndist réttur. Hann lést 16. nóvember 2006. Sonur hans, David, setti vísuorð úr Hávamálum á heimasíðu sína til að minnast föður síns:

Deyr fé,
deyja frændur,
deyr sjálfur ið sama.
En orðstír
deyr aldregi
hveim er sér góðan getur.

Þessi orð hafa sjaldan átt betur við.